Dags. 12.02.2025
One nr: 25011499
Dreifing: Byggingarfulltrúi

Umsögn skipulagsfulltrúa

Heiti: Byggingarleyfi fyrir LED-ljósaskilti.

Efni: Sótt er um leyfi fyrir LED-ljósaskilti við Víkurhvarf 1.


Sótt er um byggingarleyfi fyrir LED ljósaskilti við Víkurhvarf 1. Skilti hefur þegar verið sett upp og er í notkun sem auglýsingaskilti.

Skiltið er staðsett á lóð Víkurhvarfs 1 og vísar í átt að Vatnsendatorgi, hringtorg á gatnamótum Vatnsendahvarfs, Vatnsendavegar og Kambavegs.


Skiltið er 6,4 m að breidd og 3,2 m að hæð og er flatarmál skiltis 20,5 m^2.



Mynd 1 sýnir afstöðu skiltis við hringtorg.



Mynd 2 Skilti snýr að hringtorgi við Víkurhvarf 1, sjá staðsetningu með rauðum punkti.




Mynd 3 staðsetning skiltis á aðalskipulagsuppdrætti.

Víkurhvarf 1, og þar með skiltið, eru á svæði fyrir verslun- og þjónustu (VÞ-17) skv. Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Skiltið snýr í átt að íbúðarbyggð ÍB-5 og ÍB-6 sem og opnu svæði.

Í gildi er deiliskipulag Vatnsendahverfs sem var samþykkt dags. 25.09.2001, m.s.br. Ekki er heimild fyrir umræddu skilti í deiliskipulaginu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026



Mynd 4 sýnir auglýsingaskilti á aðaluppdrætti.

Skiltið sem sótt er um snýr að hringtorgi og í átt að íbúðarbyggð, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á umhverfi sitt, s.s. vegna ljósmengunar, en afar óæskilegt er að skilti sem þessi snúi að íbúðarbyggð.

Gera verður greinarmun á því að sett sé upp skilti sem er fyrirtækjamerking eða upplýsingaskilti og að sett sé upp auglýsingaskilti. Fyrirtækjamerkingar og upplýsingaskilti hafa hlutverk í bæjarumhverfinu og tengjast venjulega þeirri starfsemi sem fer fram á viðkomandi lóð og eru almennt heimilaðar. Uppsetning og rekstur auglýsingaskiltis sem þessa þjónar ekki þeim tilgangi og tengist ekki starfsemi þeirri er fyrir er á lóðinni á neinn hátt.

Ekki er hægt að fallast á umrætt skilti, slíkt getur skapað fordæmi fyrir sambærilegum skiltum í bæjarlandinu með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum. Það er því mat skipulagsfulltrúa að skilti sem þessi þurfa að eiga sér stoð í deiliskipulagi.

Niðurstaða/samantekt:

Neikvætt með vísan til ofangreinds.

Andrea Kristinsdóttir verkefnastjóri aðalskipulags
F.h. skipulagsfulltrúa

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11 2026